

Morgunblaðið

mbl.is/gagnasafn

Föstudaginn 9. júní, 2006 - Tónlist

TÓNLIST - Hallgrímskirkja

Seiðandi Rachmaninoff

Kórtónleikar

Mótettukór Hallgrímskirkju flutti tónlist eftir Rachmaninoff, Gorecki, St. Nektarios af Aegina, Mokranjac og Hristic. Mánudagur 5. júní.

ÉG hef kvartað yfir því nokkrum sinnum að eitt fegursta verk tónbókmenntanna, Vespers, eða Páskavaka eftir Rachmaninoff, væri aldrei sungið hér á landi. Það var því með sérstakri eftirvæntingu að ég fór á vortónleika Mótettukórs Hallgrímskirkju á mánudaginn, en þá flutti kórinn fimm þætti af fjórtán (nr. 6, 8, 9, 10 og 11) úr þessari stórkostlegu tónsmíð.

Skemmst er að segja frá því að frammistaða kórsins olli ekki vonbrigðum. Heildarhljómurinn í kórnum var unaðslega safaríkur og bassarnir, sem þurftu að syngja dýpri tóna en gengur og gerist, voru öruggir og kraftmiklir. Meira að segja tenórarnir, sem oftast eru veiki hlekkurinn í íslenskum kórum, sungu ákaflega fallega; sömuleiðis voru kvenraddirnar bjartar og tærar. Þetta skilaði sér í músíkupplifun sem var alveg einstök. Hörður náði að gæða flutninginn forneskjulegu andrúmslofti Austurkirkjunnar, en á sama tíma var svo gífurleg tilfinningaólgja í söngnum að maður fékk gæsa af hrifningu.

Auðvitað var ekki allt fullkomið, t.d. hefði ýmislegt í níunda sálminum vel mátt vera öruggara, en það gerði sönginn bara mannlegri og þar sem stemningin var svo fyllilega í anda Rachmaninoffs gerðu misfellurnar tónlistina bara meira spennandi en ella.

Margt annað dásamlegt var á efnisskránni og stóð upp úr Njest svjat og Heruvimska pesma eftir Mokranjac, sem var svo seiðandi að eftirminnilegt var. Tónlist eftir Hristic og St. Nektarios af Aegina var líka hrifandi, en síst tvö stykki eftir Gorecki. Þar var tónmálið á barmi þess að vera barnalegt, en kórinn söng þau a.m.k. af viðeigandi innlifun og tæknilegum yfirburðum.

Tveir einsöngvarar komu aðeins við sögu á tónleikunum, þeir Nebojsa Colic og Zophonías Jónsson, og stóðu báðir sig prýðilega.

Þetta voru einstaklega skemmtilegir tónleikar; vonandi flytur Mótettukórinn alla Páskavöku Rachmaninoffs næst!

Jónas Sen